



## Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Zoom - 18.janúar 2022 kl. 19:30

**Mætt:** Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR), Árni Gunnlaugsson (ÁG), Baldvin Hansson (BH), Aðalsteinn Símonarson (AS), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Fylkir Jónsson (FJ)

**Fjarverandi:** Einar Gunnlaugsson (EG), Aron Steinn Guðmundsson (ASG),

HKS ritaði fundargerð.

---

### 1. Námskeið hjá AKÍS 2022

Fundargerð vinnuhóps um námskeiðahald 2022 var lögð fyrir stjórn. Umræður fóru fram og ákveðið var að útbúin verði námskrá þar sem upplýsingar um þau námskeið sem verða í boði á vegum AKÍS hverju sinni koma fram. Jafnframt verður í námskránni getið um þau réttindi sem hvert námskeið veitir þátttakendum. Með gerð námskrár verður heildar yfirlit menntamála aðgengilegt á hverjum tíma.

### 2. Öryggisbúraferli

Umræður um framkvæmd öryggisbúraskeiðanna 2022. Stefnt er að útgáfu á uppfærðu ferli á næstunni.

FJ óskaði eftir tölfræðilegri samantekt á framkvæmdum öryggisbúraskeiðunum til dagsins í dag. Samþykkt var að fá formann til að taka þetta saman og stefnt er að því að leggja gögnin fram á næsta stjórnarfundum.

### 3. Rallycross reglur

Rallycross keppnisgreinareglurnar hafa ekki borist frá Regluráði. Regluráð hefur í samvinnu við keppnisráð í Rallycrossi verið að klára að aðlaga komandi breytingar að heildar regluverkinu. Búið er við fullkláruðum reglum í vikunni. FJ lýsir óánægju sinni varðandi seinangang hjá Regluráði að yfirfara reglurnar og minnir á að þetta sé annað árið í röð sem reglurnar eru að birtast seint.

### 4. Afhending Íslandsmeistara

Umræður fóru fram varðandi fyrirkomulag afhendingar viðurkenninga og verðlaunagripa fyrir Íslandsmeistaratitla 2021. Ákveðið var í ljósi þeirra takmarkana sem gilda varðandi sóttvarnir að senda verðlaunin til aðildarfélaganna sem koma þeim til sinna félagsmanna.

### 5. Ársþing



Ársþing verður haldið laugardaginn 19. mars næstkomandi. Tæpur mánuður í að fyrra fundarboð verði sent út. Formaður lagði áherslu á að tímann fram að þingi verði stjórnin að nýta vel til að yfirfara reglur og reglugerðir þar sem upplýsingar um slíkar breytingar þarf að senda í síðara fundarboði.

## 6. Önnur mál

**Næsti fundur 1. febrúar á Zoom kl. 19:30**

**Fundi slitið kl. 20:29**